


- Í nýjum stjórnarsáttmála segir að það eigi að „auðvelda eldra fólki að búa sem lengst heima með viðeigandi stuðningi og þjónustu“ og að „**heilsugæslan** verði styrkt enn frekar sem fyrsti viðkomustaður notenda og byggð upp þverfagleg teymisvinna þar sem unnið er að stöðugum umbótum“. Það segir sig sjálfst að þetta eru loforð sem geta ekki gengið eftir án sjúkraliða. Sjúkraliðar taka öflugan þátt í heimaþjónustu og -hjúkrun ásamt því að vera hluti af margvíslegri þverfaglegri vinnu innan fjölmargra stofnana. Öflug heimahjúkrun sparar fé til lengri tíma og mætir breyttri aldursdreifingu þjóðarinnar.
 - *Sjúkraliðafélagið leggur til að fallið verði frá 224 mkr. aðhaldskröfu á heilsugæsluna í landinu.*
- Að lokum ber nefna loforð sem þó ber ekki mikið á í stjórnarsáttmálanum en það er að „unnið verði að **innleiðingu stafrænna lausna** í heilbrigðisþjónustu og ný tækni nýtt til að auka gæði þjónustu og hagkvæmni“. Stafrænar lausnir og fjarheilbrigðisþjónusta eru spennandi áskoranir í flóknu umhverfi heilbrigðismála 21. aldar.
 - *Í því ljósi hefur Sjúkraliðafélag Íslands lagt mikla áherslu á aukin tækifæri sjúkraliða til endurmenntunar og símenntunar. Nýtt fagháskólanám sjúkraliða ber þess merki en einnig hefur Sjúkraliðafélagið lagt mikla áherslu á að sjúkraliðar njóti góðs af aukinni menntun sinni í stofnanasamningum sínum en skortur á þeim skilningi má finna víða hjá heilbrigðisstofnunum.*
 - *Því ætti þessi áhersla sem þarna birtist í stjórnarsáttmála nýrrar ríkisstjórnar að vera skýr tilmæli til stjórnenda stofnana að gera þurfi enn betur hvað þetta varðar. Stuðningur fjárlaganefndar í nefndaráliti sínu um fjárlagafrumvarpinu í þess átt væri því virkilega vel metin.*

Verkefni nýs Alþingis á vettvangi heilbrigðismála verða ekki auðveld. Hins vegar blasa fjölmargar lausnir við sem samstaða er um að ráðast verði í. Ein slíkra lausna er að tryggja hér betri fjármögnun til kerfisins en með því væri hægt að leysa annan vanda heilbrigðiskerfisins sem er mönnunarvandinn. Alþingi þarf því að standa undir þessu erfiða verkefni ásamt heilbrigðisstarfsfólki. Sjúkraliðar eru hins vegar þjálfaðir til að vera til taks á erfiðum stundum, hvort sem það er gagnvart sjúklingum eða Alþingi Íslendinga.

Virðingarfyllst,



Sandra B. Franks, formaður Sjúkraliðafélags Íslands